

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Læknisreit, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 10. júní 2021 deiliskipulagsbreytingu á Læknisreit, Kirkjubæjarklaustri. Þar er 2 einbýlishúsalóðum breytt í fjölbýlishúsalóðir. Skipulagsbreytingin hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hæðargarður, lóð H8, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 10. júní 2021 deiliskipulagsbreytingu á frístundalóð H8, Hæðargarði við Kirkjubæjarklaustur. Lóð H8 var stækkuð úr 0,55 ha í 0,86 ha. Skipulagsbreytingin hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 16. nóvember 2021.

F.h. Skaftárhrepps,

Ólafur Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. nóvember 2021